

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 69/2014**

069-2014i

frá 16. maí 2014

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2013 frá 31. október 2013 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1079/2013 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 <sup>(2)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 19. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 101/2013) í hluta 6.1:  
„20. **32013 R 1079**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2013 frá 31. október 2013 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjtið. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 10).“
2. Texti 146. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009) í hluta 1.2 falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1079/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 292, 1.11.2013, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 10.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.